



## Mikil hækkun launavísitölu í janúar - kaupmáttur hefur aldrei verið meiri

*Launavísitalan hækkaði um 3,7% milli desember 2021 og janúar 2022 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,3%, sem er eilítið lægri árstaktur en verið hefur síðustu mánuði.*

Síðustu tvær áfangahækkunir kjarasamninga komu til framkvæmda 1. janúar 2021 og 2022 og var hækkun launavísitölunnar 3,7% í bæði skiptin. Þó ekki hafi verið um aðrar hækkunir að ræða á árinu samkvæmt kjarasamningum hækkaði launavísitalan um 7,3% innan ársins 2021. Árshækkunartaktur launa hefur verið vel yfir 7% allt frá því í lok ársins 2020 sem er töluvert hærra en hefur verið frá miðju ári 2017. Áfangahækkunir vegna kjarasamninga skýra því einungis um helming hækkunar launa á árinu 2021.

### **Kaupmáttur nokkuð mikill og stöðugur þrátt fyrir mikla verðbólgu**


Verðbólga í janúar 2022 mældist 5,7% en árshækkun launavísitölunnar um 7,3%. Kaupmáttur launa jókst því um 1,1% milli janúarmánaða 2021 og 2022 þrátt fyrir óvenju mikla verðbólgu. Kaupmáttaraukning launa er því áfram nokkuð stöðug og nokkuð mikil í sögulegu samhengi. Kaupmáttarvísitalan tók stökk upp á við í janúar 2021 og náði þá sögulegu hámarki en minnkaði eilítið á árinu. Sagan endurtekur sig nú og kaupmáttur launa hefur aldrei verið hærri en í janúar 2022.

### **Opinberi markaðurinn hækkar meira**

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópunum á vinnumarkaðnum milli nóvembermánaða 2020 og 2021 sést að laun á almenna markaðnum hækkuðu áfram mun minna en á þeim opinbera. Launin hækkuðu um 6,5% á almenna markaðnum á þessum tíma og um 10% á þeim opinbera, þar af 9,3% hjá ríkinu og 10,7% hjá sveitarfélögum.


Opinberi markaðurinn var því leiðandi í launabreytingum á tímabilinu.

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun einstakra hópa nóvember 2020 - nóvember 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Óvenju mikið bil hefur myndast á milli launaþróunar á opinbera og almenna markaðnum á síðasta ári og virðist það ekki fara minnkandi.

### Mismunandi þróun launa innan atvinnugreina

Milli nóvembermánaða 2020 og 2021 hækkuðu laun áberandi mest í veitinga- og gististarfsemi, eða um 10,3%. Á hinum endanum er fjármála- og váttryggingarstarfsemi með 4,2% hækkun. Á þessu tímabili hækkaði launavísitalan fyrir allan vinnumarkaðinn um 7,5%. Á þessum tölum má glöggst sjá áhrif krónutöluhækkana á launaþróun. Meðaltekjur eru almennt lágar í veitinga- og gististarfsemi og því hækka laun hlutfallslega mikið. Tekjur eru háar í fjármála- og váttryggingarstarfsemi og þar hækka laun því hlutfallslega mun minna.


### Önnur launahækkun framundan

Þann 28. febrúar nk. birtir Hagstofa Íslands fyrstu niðurstöður þjóðhagsreikninga fyrir árið 2021. Þá mun koma í ljós hversu mikið landsframleiðsla á mann hækkaði á milli árána 2020 og 2021. Ný spá Seðlabankans gerir ráð fyrir að landsframleiðslan hafi hækkað um 4,9% í fyrra.

Ætla má að íbúum hafi fjölgað um u.þ.b. 2% milli ára þannig að landsframleiðsla eða hagvöxtur á mann hefur þá aukist um tæp 3%. Samkvæmt kjarasamningum ættu lægstu laun að hækka um kr. 13.000 á mánuði þann 1. maí verði hagvöxtur á mann meiri en 3%, en um kr. 10.500 verði hagvöxtur á mann á bilinu 2,5-3%. Hærri laun myndu hækka um 75% af hækkun lægri launa, eða um kr. 9.750 eða kr. 7.875 á mánuði, miðað við þetta.


Það eru því allar líkur á launahækkunum vegna hagvaxtarauka þann 1. maí næstkomandi.

### Launaþróun á tveimur mörkuðum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Launahækkun í atvinnugreinum - nóvember 2020 - nóvember 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.